

Blý í ódýru skarti

Efnaeftirlit á áætlun 2020

Dagsetning	22. desember 2020
Fyrirtæki	LDX19 ehf.
Heimilisfang	Mávanes 8, 210 Garðabær
Kennitala	420511-0270
Starfsemi	Fataverslanir
Eftirlitsstaður	Kringlan 4-12, 103 Reykjavík
Fulltrúi fyrirtækis á vettvangi	Anna Margrét Kristjánsdóttir
Eftirlitsmaður	Ísak Sigurjón Bragason
Tegund eftirlits	Efnaeftirlit
Tengiliður fyrirtækis	Sara Winroth

SAMANTEKT

Umhverfisstofnun fór í eftirlit með ódýru skarti hjá Lindex í Kringlunni þann 22. desember 2020. Skoðað var hvort að vörur innihaldi blý og hvort magn blýsins sé innan leyfilegra marka sbr. reglugerðar nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (REACH). Ein vara var tekin af handahófi við úrtak eftirlitsins og reyndist blýstyrkurinn vera innan marka.

MERKING HUGTAKA

Merking eftirfarandi hugtaka sem notuð eru í skýrslunni er sem hér segir:

Markaðssetning: Það að sjá þriðja aðila fyrir vöru sem fellur undir efnalög nr. 61/2013 eða bjóða hana fram, hvort heldur er gegn greiðslu eða án endurgjalds. Innflutningur er markaðssetning.

Parts per billion (ppb): Billjónasti hluti. Notað til að lýsa styrk og er hlutfall á milli þyngdar efnisins og heildarþyngd ($\mu\text{g}/\text{kg}$).

REACH: Reglugerð (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni sem innleidd er í reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH)¹.

¹ Samsett reglugerð nr. 888/2015 á vef Umhverfisstofnunar:
<https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/REACH/samsett-reglugerd-nr-888-2015.html>

Skart: Bæði ekta og óekta skart og hárskraut, þ.m.t. armbönd, hálsmen, hringir, skart notað við húðgatanir, armbandsúr, ermahnappar, nælur og sérhver hluti sem búin til er úr efnum sem notað er í skartgripagerð.

UMFANG EFTIRLITS

Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar, dags. 22.12.2020, þar sem kynnt var eftirlitsverkefni með tilteknum takmörkunum í reglugerð um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) í samræmi við hlutverk Umhverfisstofnunar skv. efnalögum nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram sama dag og var markmið þess að rannsaka blýinnihald í ódýru skarti/óekta skartgripum en skv. 63. færslu XVII. viðauka við REACH skal ekki setja á markað skart, þ.m.t. óekta skart, ef styrkur blýs í þeim eða einstökum hlutum þeirra er 0,05% eða meiri miðað við þyngd.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eftirtalin vara sem féll undir umfang eftirlitsins var skoðuð:

Vara	Strikamerki
Eyrnalokkar	8081352

Um er að ræða gyllta hringlaga eyrnalokka og var blýstyrkur mældur í tveimur hlutum eyrnalokksins, annars vegar klemmu hans þar sem styrkurinn mældist 327,33 ppb og hins vegar í hringnum sjálfum þar sem styrkurinn mældist 180,28 ppb. Þar sem báðar mælingar sýndu blýstyrk undir 0,05% af heildarþyngd hlutarins eru engin frávik tilgreind.

ÁBENDINGAR

Í þessu eftirliti var eingöngu rannsakaður styrkur blýs. Vert er að benda á aðrar takmarkanir sem gilda, s.s. að óheimilt er að setja á markað skartgripi ef styrkur kadmíum í þeim er 0,01% eða meiri miðað við þyngd, sbr. 23. færslu XVII. viðauka við REACH.

Athuga skal að nýjar takmarkanir á efnum bætast reglulega við reglugerð REACH en þeir sem bjóða vörur fram á markaði hér á landi bera ábyrgð á að markaðssetningin sé í samræmi við þær reglur sem eru í gildi hverju sinni, sbr. 2. mgr. 23. gr. efnalaga nr. 61/2013.

Reykjavík, 29. mars 2021

Bergdís Björk Bæringsdóttir